

Núpá, Eyjahreppi. 1981 og 1982.

### Inngangur.

Árin 1981 og 1982 hefur verið unnið við rannsóknir í Núpá á vegum Veiðimálastofnunar.

Tilgangurinn fyrra árið var að kanna lífsskilyrði fyrir lax í ánni. Árið 1982 var "aðeins skroppið í ána á leiðinni framhá" til að kanna afdrif "sumaralinnna" sleppiseiða, en þann 6. ágúst 1981 var 2500 sumaröldum seiðum úr Kollafirði sleppt fyrir ofan stíflu.

Árið 1982 var 2500 sumaröldum seiðum úr Kollafirði sleppt þann 16. júlí. Flestum seiðunum var sleppt fyrir ofan stíflu. Einn fremur var 500 sjögönguseiðum sleppt 1982.

### Um lífnaðarhætti laxins.

Laxinn er fyrstu ár ævi sinnar í fersku vatni. Á tveimur-sex árum nær hann 11-16 sm. lengd og heldur til sjávar að vori, þá sem gönguseiði. Í sjónum er laxinn 1-3 ár. Þar er gnægð fæðu, hann vex ört og gengur síðan aftur upp í ána sem hann ólst í til að hrygna, þá 2-10 kg. að þyngd. Hann hrygnir á malarbotni þar sem hann grefur hrognin niður. Þar verður straumur að leika um hrognin til að sjá þeim fyrir súrefni og má botninn því ekki vera mjög sandblendinn. Eftir hrynguna deyr u.þ.b. 90% af laxinum, annaðhvort í ánni sjálfri eða þegar til sjávar er komið, enda fer mikil orka í hrynguna og laxinn nærst ekkert eftir að hann gengur upp í ána til hrygningar.

Hrognin klekjast út á vorin. Í fyrstu lifa seiðin á forðanæringu sem þau hafa í kviðpokanum. Þau eru þá mjög ljósfælin og halda sig niðri í mölinni. Þegar kviðpokinn er búinn fara seiðin að nærast á litlum krabbadýrum (svif) og litlum skordýralirfum sem berast með straumnum. Eru þau háð því að straumhraðinn sé ekki of lítill. Þannig eiga þau mjög erfitt uppdráttar ef straumhraðinn er minni en 0.5 m. á sek.

Það gefur auga leið að seiðin myndu eyða of mikilli orku ef þau ættu stöðugt að berjast á móti straumnum. Þau eru því háð skjóli við botninn þar sem þau geta hafst við á milli þess sem sem þau fara upp í strauminn til að afla sér fæðu.

Eftir því sem seiðin stækka þurfa þau meira að éta. Þau leita þá í sterkari straum þar sem fæðuframboðið er meira og fæudýrin stærri, en þurfa þá jafnframt grófari botn sem veitir meira skjól.

Af þessu getum við dregið þann lærdóm að athuganir á botngerð og straumlagi gefa mikilvægar upplýsingar um afkomumöguleika seiðanna. Kjörskilyrði laxaseiða hvað varðar botngerð og straum er smágrýttur til grýttur botn (steinastærð 5-30 sm. í þvermál) á fremur grunnu straumvatni (straumur 0.50-1.25 m/sek.). Þar sem svo háttar til er áin einnig ríkuft af fæudýrum þeim er laxaseiðin lifa á, það er lirfum og púpum skordýra. Steinar þjóna laxaseiðunum því á þennan hátt, veita þeim fylgsni, var fyrir straumi og skapa þeim fæudýrum bústað sem seiðin lifa á. Á sandbotni eða fínum malarbotni skortir laxaseiðin fylgsni, var fyrir straumi og fæðu. Þannig er augljóst að seiðaframleiðsla árinna takmarkast að verulegu leiti af þessum þáttum.

### Niðurstöður.

Botngerð: Núpa má skipta gróflega í fjögur svæði með tilliti til botngerðar og straumlags.

I. Frá ósi og upp að ármótum Þverár. Hér rennur áin á hallalitlu landi, straumhraði lítil. Drulla eða sandur víða í botni, en hyljir og holbakkar á víð og dreif. Hentar illa til uppeldis á laxaseiðum, þó geta stór seiði haldið sig í hyljum.

II. Frá ármótum Þverár og Núpár og upp að gömlu virkjuninni fyrir ofan Þjóðveg. Áin rennur víðast á malarbotni og breytingar á árfarveginum eru allnokkrar frá ári til árs. T.d. taldi Svanur Guðmundsson sem var til leiðsagnar að árbotninn hefði hækkað um 1/2 m. á einum stað veturinn 1980-1981.

Enhver skilyrði eru til hrygningar, t.d. rétt fyrir ofan brú á Þjóðvegi og fyrir neðan virkjunina, en uppeldisskilyrði eru víða af skornum skammti.

III. Gilið. Grýttur botn. Góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði af öllum stærðum.

IV. Dalurinn upp af gilinu. Smágrýttur botn. Uppeldisskilyrði eru víða góð fyrir laxaseiði, en ekki er laxgengt á þetta svæði.

Niðurstöður rafmagnsveiða: Þann 9/7 1981 var rafveitt á fjórum stöðum í Núpá. Rafveiðistaðirnir eru merktir inn á mynd 1.

Rafveiðistaður nr.1. Í gilinu og rétt fyrir neðan virkjun. Grýttur botn. Tvö bleikjuseiði veiddust, en ekkert laxaseiði.

Lengd í cm.	Aldur í vetrum.	Stærð rafv.sv.
9.6	1	150 m <sup>2</sup> .
14.0	2	


Rafveiðistaður nr.2. Strax fyrir ofan brúna. Smágrýttur botn. Tvö laxaseiði veiddust.

Lengd í cm.	Aldur í vetrum.	Stærð rafv.sv.
8.4	2	185 m <sup>2</sup> .
8.6	2	

Rafveiðistaður nr.3. Ca.1 km. fyrir neðan Dalsmynni. Malarbotn. Eitt laxaseiði veiddist.

Lengd í cm.	Aldur í vetrum.	Stærð rafv.sv.
8.9	2	180 m <sup>2</sup>

Rafveiðistaður nr.4. Við ármót Þverár og Núpár. Fín mól og sandur. Ekkert laxaseiði veiddist. Stærð rafveiðisvæðis = 150 m<sup>2</sup>.



MYND 1. RAFVEIÐISTAÐIR  
Í NÚPÁ 1981.

Þann 29/8 1982 var svo rafveitt í Núpá fyrir ofan brú (rafveiði-  
staður nr.2). Fimm laxaseiði veiddust. Stærð þeirra var sem hér segir.

Lengdir.

7.0 cm.  
7.9 -  
8.6. -  
9.1 -  
9.3 -

Af útliti a.m.k.tveggja seiðanna mátti ráða að þau væru af eldis-  
uppruna. Rannsókn á hreistri og kvörnum sem tekin voru af öllum seiðunum  
sýndi glögglega að öll seiðin voru úr eldisstöð.

Mynd 1. sýnir hreistur af laxaseiði sem veiddist árið 1981  
(náttúrulegt)(Nr.1) og árið 1982 (sleppiseiði)(Nr 2). Á hreisturmyndirnar  
eru vetrarhringir merktir. Þannig sést að seiðið sem veiddist í  
júlí 1981 er tveggja vetra gamalt og sumarvöxtur skammt á veg kominn.

Á hreistri nr.2 er merktur einn vetur. Þegar sumaröldum seiðum  
er sleppt í ár myndast stundum "falskir vetrarhringir". Ekki verður  
séð á hreistrinu að um falskan vetrarhring sé að ræða, og kvarnir  
sýna enn fremur greinilegan vetrarhring. Verður því að telja seiðið  
eins vetur gamalt, þ.e. úr sleppingunni 6. ágúst 1981. Hin seiðin  
fjögur teljast einnig úr þeirri sleppingu. Seiðin hafa vaxið lítið  
sem ekkert það ár sem þeim var sleppt, enda var þá áliðið sumars, og  
það kólnaði fljótlega. Sumarið 1982 hafa þau vaxið mjög vel.

#### Ályktanir.

Núpá er vistfræðilega á mörkum þess að geta framleitt eigin lax.  
Vegna kuldans klekjast seiðin kannski mjög seint úr hrogni og  
mörg ná ekki nægum þroska (stærð+holdafar) til að lifa af fyrsta  
veturinn í ánni.

Neðarlega í ánni, þar sem hún er hlýjust eru lítil uppeldisskilyrði  
fyrir seiði, en í gilinu og uppi á dal er botngerðin ákjósanleg en áin  
er þar nokkuð köld.

Af þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir sýnast mörg sleppiseiðin

frá 1981 hafa lifað af veturinn, og þau haða vaxið vel í sumar. Af þeim náttúrulegu seiðum sem veiddust 1981 sást að þau fáu seiði sem veiddust uxu mjög vel, og má ætla að flest náttúruleg seiði nái sjógöngustærð þriggja vetra gömul. Þessi góði vöxtur hjá seiðunum orsakast e.t.v. vegna þess hve fá seiði eru í hlutfalli við fæðuframboðið. Í ljósi þessa er rétt að sleppa ekki of mörgum seiðum, því þá er hætt á að baráttan um fæðuna harðni. Heppilegur seiðafjöldi sem sleppt er gæti verið nálægt 20-30 seiði á hverja 100 m<sup>2</sup>. af grýttum árbotni.

MYND 2

NÚPÁ



LAXASEIÐI 9/7 '81  
2. veter  
L = 8.6 cm

1 veter.

2.



1 veter. LAXASEIÐI 29/8 '82

L = 7.9 cm.